



Ljósmynd/Héðni

Verðmæti Litla próteinverksmiðjan sem verið er að gangsetja í Borgarnesi er sú fyrsta sinnar gerðar.

# Framleiða lýsi og prótein úr laxaslógi

● Notuð er ný tækni sem hönnuð er af vélsmiðjunni Héðni

Helgi Bjarnason  
helg@mb.is

Framleiðsla á laxalýsi og prótein-  
dufti úr laxaslógi hefst á næstunni í  
Borgarnesi. Vinnslan fer fram með  
nýrri tækni og tækjum sem vakið  
hafa athygli í nágrannalöndunum.

Síðfelt meira fellur til af slógi  
vegna vaxandi laxeldis hér á landi.  
Þessa dagana er til dæmis að hefjast  
slátrun á laxi úr sjókvíum Arnarlax í  
Arnarfirði. Frumkvæðar þess fyrri-  
tækis hafa skoðað ýmsa möguleika á  
að vinna verðmæti úr slóginu. Þeir  
fengu húsnaði sem byggt var fyrir  
kjötvinnslu KB skammt fyrir ofan  
Borgarnes og hafa verið að koma sér  
þar fyrir. Ætlunin er að taka við öllu  
slógi sem til fellur hjá Arnarlaxi og  
viðbót annars staðar frá.

## Norðmenn koma til að skoða

Við vinnsluna verður notuð vél  
sem hönnuð er og smíðuð í vélsmið-  
junni Héðni. Með henni er verið að  
innleiða nýja tækni í þessa vinnslu,  
að sögn Valdimars Gunnarssonar,  
stjórnarformanns fyrirtækisins í  
Borgarnesi, Arctic prótein. Valdimar  
segir að laxiðnaðurinn hér og í  
nágrannalöndunum hafi verið í vandræ-  
ðum með úrgang. Honum hafi  
verið hent í sjóinn, grafinn og hluti  
settur í minkafóður. Með vélinni sé

verið að búa til verðmæti úr úrgangi.  
Í Noregi hafi mikið af úrgangi farið í  
meltu og verið notað sem áburður og  
eitthvað til áframhaldandi vinnslu.  
Hann segir að nýja vélin frá Héðni  
hafi vakið athygli í Noregi og víðar.  
Þannig hafi umhverfisnefnd norska  
stórþingsins sýnt áhuga á verkefni-  
inu og boðað komu sína til að skoða  
vinnsluna.

„Það er verið að þróa þessa tækni  
og við sjáum mikla framtíð í henni.  
Þetta er litil vél sem hægt er að  
keyra með litlu hráefni, þess vegna  
við slátruhúsvegg. Hámarksafköst  
eru 7 tonn á dag,“ segir Valdimar.  
Vélin hefur verið reynslukeyrð síð-  
astliðinn mánuð og tæki og tól sam-  
stillt og nú er vélin tilbúin til notk-  
unar. Fyrsta slátrun er að hefjast  
hjá Arnarlaxi og er vonast  
til að fljótlega verði hægt  
að hefja bræðslu á úr-  
gangi þáðan.

Afurðirnar verða  
próteinduft og laxa-  
lýsi. Framleiðslan  
verður að stórum  
hluta seld á erlend-  
um mörkuðum.  
Lýsið verður not-  
að í matvælafram-  
leiðslu og duftið í  
framleiðslu á  
gæludýrafóðri.



## TÍU ÁRA ÞRÓUNARSTARF

### Markaður um allan heim

Próteinverksmiðjan sem sett  
hefur verið upp í Borgarnesi er  
sú fyrsta sinnar gerðar. Hún er  
þó afrakstur tíu ára þróunar-  
starfs hjá Héðni, að sögn Gunn-  
ars Pálssonar þróunarstjóra.

Verið er að smíða aðra vél  
sem fer til Noregs. Þá hafa ver-  
ið seldar tvær stærri prótein-  
verksmiðjur sem fara um borð í  
frystitogara Ramma sem er í  
smíðum í Tyrklandi og skip sem  
verið er að smíða í Noregi fyrir  
Samherja í Þýskalandi. Gunnar  
telur að mikill markaður sé fyr-  
ir þessi tæki víða um heima.  
Minni gerðin geti hentað í fisk-  
vinnslur sem eru í vandræðum  
með slógið og þær stærri í  
verksmiðjuskip. Þær gera  
verðmæti úr úrgangi og er  
mikil eftirspurn eftir af-  
urðunum, lýsi og mjóli,  
á heimsmarkaði.